

Almenn gjaldskrá fyrir spilliefni

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. janúar 2026

Á margar tegundir spilliefna svo og önnur skilgreind efni er lagt svokallað úrvinnslugjald við innflutning eða framleiðslu hérlandis vegna kostnaðar við endurvinnslu eða eyðingu. Úrvinnslusjóður greiðir síðan fyrir eyðingu eða endurvinnslu að því gefnu að efnin uppfylli reglur sjóðsins um greiðsluskyldu. Í lögum um Úrvinnslusjóð má finna upptalningu á þeim vörum skv. tollskrárnúmerum sem úrvinnslugjald er greitt af. Í þessari spilliefnagjaldskrá kemur fram á hvaða spilliefni lagt hefur verið úrvinnslugjald og eru móttækin hjá Kölku án gjalds. Einnig eru tilgreind nokkur efni sem ekki er lagt úrvinnslugjald á og þarf því að greiða fyrir.

Spilliefnategundir	Gjald pr. kíló án vsk. m. vsk.		Úrv.- gjald
Olíuefni			
Ryðvarnarolía, smurfeiti, úrgangsolía í smáílátum o.þ.h.	0	0	Já
Olíusíur, ódælanleg olía, olíumengaður úrgangur	191,43	237,37	Nei
Matarolía	200,08	248,10	Nei
Lífræn efni með halogenum og/eða brennisteini			
Hverskonar klórefni (t.d. tetraklór, perklór, klóroform o.þ.h.), freon, kælimiðlar í kútum og límafgangar með metylklóríð			
Þessi efni eru ekki lengur brennd í Kölku – send erlendis	0	0	Já
PCB mengaður úrgangur og vökvar	717,03	889,12	Nei
Þéttar og spennubreytar með PCB	1.594,13	1.976,72	Nei
Lífræn efni án halögena og/eða brennisteins			
Hverskonar leysiefni (t.d. terpentína, white spirit, þynnar, bensól o.þ.h.)	0	0	Já
Prentreinsiefni, prentlitir, hverskonar framköllunarvökvi, formaldehyð, acetaldehyð, olíumálning, allar lakktegundir, viðarvörn, lím, kítí og spartl	0	0	Já
Rafgeymar og rafhlöður			
Rafgeymar og rafhlöður	0	0	Já
Varnarefni			
Útrýmingarefni (t.d. Meindýraeitur, plöntulyf, plöntueitur o.þ.h.)	0	0	Já
Fúavarnarefni	0	0	Já
Ólífræn spilliefni og sértækur úrgangur			
Ýmsar tegundir af sýrum (t.d. brennisteinssýra, fosfórsýra, krómsýra, saltsýra o.fl.), lútur, galvanhúðunarböð o.fl. efni			
Þessi efni eru ekki lengur brennd í Kölku – send erlendis	0	0	Nei
Isocyanöt (MDI – TDI)	0	0	Já
Lyfjaúrgangur o.þ.h. til brennslu	170,88	211,89	Nei

Fyrirtæki og einstaklingar geta skilað spilliefnum til allra endurvinnslustöðva Kölku.

Greiða þarf fyrir spilliefni sem ekki bera úrvinnslugjald.

Lágmarksgjald án vsk. er kr. 3.450,00

Seðilgjald er kr. 420,00

Seðilgjald (rafr.) er kr. 195,00

Athugið að öll spilliefni skulu vera vel aðgreind frá öðrum úrgangi og vel merkt!